

Skýrsla
nefndar um stefnumótun
í íþróttum stúlkna og kvenna

í samræmi við þingsályktun sem samþykkt var á Alþingi 4. júní 1996

Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	4
Niðurstöður	5
Kynjaskipting í forystu íþróttahreyfingarinnar.	6
Hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar	7
Umfjöllun um íþróttir karla og kvenna í fjölmiðlum	8
Tillögur að úrbótum:	9
Heimildaskrá	11
Viðauki 1 – Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands	12
Formáli	12
Töflulisti	13
Myndalisti	13
1. Inngangur	14
2. Heildartekjur íþróttahreyfingarinnar og hlutur kvenna og karla	15
2.1. Yfirlit um tekjur Íþróttahreyfingarinnar	15
2.2 Fjöldi kven- og karliðkenda innan íþróttahreyfingarinnar og tekjur sérsambandanna	17
2.3 Mat á hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar	22
3. Helstu niðurstöður og lokaorð	26
4. Helstu heimildir	27

Formáli

Hinn 4. júní 1996 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um stefnumótun í íþróttum stúlkna og kvenna. Í framhaldi af því var menntamálaráðuneytinu falið að setja á stofn nefnd sem ynni í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.

Í skipunarbréfi nefndarinnar segir m.a. að hlutverk nefndarinnar sé:

1. Að gera tillögur um hvernig efla megi íþróttir stúlkna og kvenna.
2. Að gera tillögur um hvernig minnka megi brotthvarf stúlkna úr íþróttum á unglingsárunum.
3. Að kanna hvaða fjármagni er veitt til stúlkna og kvennaíþrótta.
4. Að kanna hver umfjöllun fjölmiðla sé um íþróttir stúlkna og kvenna.
5. Að kanna hver skipting kynjanna sé í forystu íþróttahreyfingarinnar.
6. Að kanna hvað gert hafi verið erlendis í átt til úrbóta í þessum efnunum.

Í nefndinni, sem hóf störf 6. des. 1996, áttu sæti: Hanna Katrín Friðriksen, blaðamaður, formaður, skipuð án tilnefningar, Gunnar Einarsson, forstöðumaður, skipaður án tilnefningar, Petrun Björg Jónsdóttir, bæjarfulltrúi, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kristín Gísladóttir, íþróttakennari, tilnefnd af Ungmennafélagi Íslands, Inga Dóra Sigfúsdóttir, stjórn málafræðingur, tilnefnd af Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála og Unnur Stefánsdóttir, leikskólastjóri, tilnefnd af Íþróttasambandi Íslands. Sigríður Lára Ásbergisdóttir, deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu og Rannveig Þórisdóttir, deildarsérfræðingur hjá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála störfuðu með nefndinni.

Inngangur

Jákvæð áhrif íþróttaiðkunar fyrir ungmenni hafa verið staðfest með mörgum rannsóknum, jafnt innlendum sem erlendum. Þannig hefur verið bent á að þeir unglingar sem stunda íþróttir og eru í góðri líkamlegri þjálfun séu ekki eins líklegir og aðrir til að reykja, drekka eða neyta fíkniefna ([Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1995](#)). Þá hefur einnig komið í ljós að þeir sem stunda íþróttir fá hærri einkunnir en aðrir, telja sig betur undirbúna fyrir kennslustundir og líður betur í skólanum. Þeir hafa einnig meira sjálfstraust og þjást síður af þunglyndi, kvíða og ýmsum sálvefrænum einkennum. Í þessu sambandi hefur einnig verið bent á að íþróttaiðkun getur hjálpað unglingum við að öðlast skýran tilgang í lífinu sem síðan getur dregið úr líkum á vímuefnanotkun ([Ingibjörg Kaldalóns, 1996](#)). Íþróttaiðkun hefur því ekki aðeins jákvæð áhrif á líkamlega og andlega líðan einstaklingsins heldur einnig á námsgengi og vinnur gegn áhættu hegðun.

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á þátttöku ungmenna í íþróttum benda til þess að nokkur kynjamunur sé á íþróttaiðkun ([Þorlákur Karlsson og Ingibjörg Kaldalóns, 1995](#)). Þannig virðast piltar líklegri en stúlkur til að iðka íþróttir og af þeim ungmennum sem stunda íþróttir stunda fleiri piltar en stúlkur íþróttir fimm sinnum í viku eða oftar. Sé þátttaka ungmenna í íþróttum borin saman milli ungmenna í 8., 9. og 10. bekk má einnig sjá að kynjamunurinn eykst örlítið milli árganga ([Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 1995](#)). Í ljósi þessara rannsókna hefur verið bent á að mögulegt sé að brottfall stúlkna aukist hlutfallslega meira en brottfall pilta með aldrinum. Brottfall stúlkna úr íþróttum hefur þó ekki verið rannsakað ítarlega á Íslandi og því erfitt að segja til um það hversu mikið það er og hvaða þættir orsaka brottfall stúlkna úr íþróttum.

Ástæður fyrir þeim mun á fjölda pilta og stúlkna sem stunda íþróttir hafa hins vegar verið kannaðar. Í slíkum rannsóknum hefur komið í ljós að áhugi, hvatning móður, fjöldi vina í íþróttafélagi og hvatning vina og þjálfara hafa marktæk áhrif á heildariþróttaiðkun stúlkna í 8. bekk ([Þorlákur Karlsson og Ingibjörg Kaldalóns, 1996](#)). Einnig hefur verið bent á að stúlkur og konur séu líklegri til að stunda almenningsíþróttir en keppnisíþróttir og geti það að hluta til útskýrt brottfall þeirra úr keppnisíþróttum. Ytri þættir eins og umfjöllun um íþróttaiðkun stúlkna og kvenna, fjármagn, virðing og aðstaða til íþróttaiðkunar hafa eflaust einnig sérstaklega áhrif hvað varðar keppnisíþróttir. Þannig getur skortur á ytri hvatningu og áhuga orkað letjandi á stúlkur og konur í keppnisíþróttum.

Áhugi og viðhorf almennings til íþróttaiðkunar kvenna og karla getur einnig haft áhrif á löngun pílta og stúlkna til íþróttaiðkunar. Svo virðist sem meirihluti fólks telji að jafnrétti eigi að ríkja í íþróttum á milli karla og kvenna (Gallup, 1995). Samkvæmt könnun Gallup virðast fæstir þó telja slíkt jafnvægi í gildi í fjölmiðlum þar sem 71% þeirra sem afstöðu tóku töldu kvennaíþróttir fá of litla umfjöllun á því sviði. Rannsóknir hafa sýnt sömu niðurstöðu. Lítil umfjöllun fjölmiðla um íþróttaiðkun stúlkna og kvenna getur þannig orðið til þess að stúlkur skortir fyrirmyndir. Þarna skipta fjölmiðlar höfuð máli þar sem þeir eru einn sterkasti vettvangurinn til að skapa nýjar fyrirmyndir og festa gamlar í sessi.

Á alþjóðavettvangi hefur á síðustu árum margt verið gert til að auka veg stúlkna og kvenna innan íþróttahreyfingarinnar. Hefur þá helst verið litið til þess að efla þátttöku þeirra í íþróttum, auka fjölda þeirra innan forystu íþróttahreyfingarinnar og búa þeim betri aðstöðu til íþróttaiðkunar og ákvarðanatöku innan íþróttahreyfingarinnar. Helstu aðgerðir til að ná þessum markmiðum hafa m.a. verið þessar: a) sérstök verkefni og langtímaáætlanir, b) eyrnamerkt fjármagn til íþróttar kvenna, c) stofnun jafnréttisráða og nefnda, d) aukin samvinna við fjölmiðla, e) sérstakar ráðstefnur og þing með áherslu á íþróttir og konur, f) kynjakvóti í stjórnnum og ráðum innan íþróttahreyfingarinnar, g) sérstök rannsóknarverkefni og h) breyttar áherslur í íþróttastarfi barna og unglinga þar sem þátttaka allra skipir máli. Þegar litið er til ýmissa rannsókna og stöðu meðal annarra þjóða í þessum efnum er ljóst að Íslendingar standa þeim mörgum langt að baki, sérstaklega innan Norðurlandanna þar sem jafnrétti kynja á sviði íþróttar hefur lengi verið eitt af helstu stefnumálum stjórnvalda og forystu íþróttahreyfingarinnar.

Eitt af því sem gjarnan er skoðað í öðrum löndum er samanburður á fjárframlagi hins opinbera til viðkomandi málaflokks í hverju landi fyrir sig. Skiptar skoðanir eru um fjárframlag íslenska ríkisins til íþróttamála í krónum talið miðað við höfðatölu. Af hálfu Íþróttasambands Íslands hefur því verið haldið fram að framlag þess, þannig mælt, sé mun lægra en annars staðar á Norðurlöndum. Niðurstaða ríkisins er hins vegar sú að framlagið sé yfir meðallagi samanborið við önnur Norðurlönd.

Niðurstöður

Í samræmi við skipunarbréf réðst nefndin í ferns konar verkefni.

- Í fyrsta lagi var skoðuð kynjaskipting í forystu íþróttahreyfingarinnar eins og hún birtist í starfsskýrslum íþróttafélaganna.
- Í öðru lagi var gerð úttekt á skiptingu fjármagns til íþróttamála, (sjá viðauka 1). Framkvæmdaraðili var Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Í þriðja lagi var gerð úttekt á umfangi umfjöllunar um íþróttir karla og kvenna í fjölmiðlum. Framkvæmdaraðili var Viðar Halldórsson, Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Í fjórða lagi var leitast við að afla upplýsinga erlendis frá um hvernig staðið væri að málefnum stúlkna og kvenna í íþróttum og hvaða leiðir hefðu verið farnar til að jafna stöðu kynjanna í íþróttum.

Hér á eftir verða reifaðar helstu niðurstöður úr starfi nefndarinnar:

Kynjaskipting í forystu íþróttahreyfingarinnar.

Mjög erfitt er að nálgast upplýsingar um kynjaskiptingu innan íþróttahreyfingarinnar fyrir 1994 þar sem upplýsingaöflun og skráning á gögnum hefur verið risjótt og oft ófullnægjandi. Því er erfitt að meta stöðu kvenna innan íþróttahreyfingarinnar fyrir þann tíma, m.a. með tilliti til hlutfalls þeirra af iðkendafjölda og þátttöku þeirra í stjórnnum íþróttafélaganna.

Samkvæmt gögnum fyrir árin 1994 og 1995 hafa konur verið um 36% af iðkendum íþróttafélaganna undanfarin ár. Athygli vekur að meirihluti þeirra er yngri en 15 ára eða um 56-57%. Þessu er hins vegar öfugt farið með karlmenn þar sem meirihluti skráðra iðkenda er eldri en 16 ára eða um 57-59%. Kveniðkendum virðist því fækka með aldrinum en karliðkendum fjölga.

Þegar lítið er til fjölda iðkenda eftir íþróttagreinum árin 1994 og 1995 má sjá að á meðal karla er knattspyrna fjölmennust fyrir báða aldurshópana. Hjá konum yngri en 15 ára er knattspyrnan einnig einna fjölmennust bæði árin, en fjöldi iðkenda er þó örlítið meiri í fimleikum. Hjá kveniðkendum 16 ára og eldri eru hestaíþróttir fjölmennastar.

Þegar lítið er til kynjaskiptingar innan stjórna íþróttafélaganna má sjá að þar eru konur í nokkrum minnihluta. Samkvæmt athugun nefndarinnar virðast konur gegna formennsku í um 20% stjórna og hefur þetta hlutfall lítið breyst frá árinu 1989. Hlutfall kvenna í gjaldkerastöðum er nokkuð hærra, eða um 38% árið 1995 og er það í nokkru samræmi við hlutfall kvenna af

heildarfjölda iðkenda. Út frá gögnunum er erfitt að meta hvað veldur þessum mun og þyrfti að rannsaka það sérstaklega.

Hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar.

Skortur á gögnum háði verulega gerð könnunar á skiptingu fjármagns innan íþróttahreyfingarinnar milli kynja. Fyrirliggjandi voru gögn um tekjur, útgjöld og fjölda kven- og karliðkenda í hverju sérsambandi innan ÍSÍ ásamt gögnum úr ársreikningum sérsambanda og opinberum tölum um styrki ríkis og sveitarfélaga til íþróttahreyfingarinnar. Litlar vísbendingar eru til um það hvernig tekjum íþróttahreyfingarinnar er ráðstafað.

Heildartekjur íþróttahreyfingarinnar voru 3.137 milljónir króna árið 1995 samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ. Þar af eru styrkir, tekjur af lottó og getraunum og opinber framlög til íþróttahreyfingarinnar 1.428 milljónir eða um 45,5%. Íþróttahreyfingin aflar sjálf 54,5% heildartekna eða 1.709 milljóna. Þar vegur þungt liðurinn “aðrar tekjur” uppá 792 milljónir, en uppruna þess fjár er ekki hægt að rekja.

Kveniðkendur voru um 36% af heildarfjölda iðkenda árið 1995. Meðaltekjur íþróttagreina þar sem karlar eru í meirihluta eru hærri en meðaltekjur í íþróttagreinum þar sem konur eru í meirihluta. Þetta bendir til þess að hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttagreina sé talsvert minni en hlutdeild karla.

Samkvæmt tölfræðilegu mati minnka tekjur íþróttagreinar um 0,15% fyrir 1% hærra hlutfall kvenna í viðkomandi íþróttagrein. Hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar er því líklega mun minni en ef hlutdeild þeirra í heildartekjum væri í réttu hlutfalli við fjölda kveniðkenda.

Það er ljóst að tekjur íþróttahreyfingarinnar eru umtalsverðar og því vekur furðu að ekki skuli vera unnt að afla nákvæmari gagna um þær. Sérstaklega út frá upplýsinga- og hagkvæmnissjónarmiði, samanber það sem hér hefur verið rakið, en það hlýtur að teljast eðlileg krafa að hægt sé að rekja þann farveg sem um renna um þrír milljarðar króna á ári hverju.

Til þess að hægt sé að gera grein fyrir því hvernig tekjum íþróttahreyfingarinnar er ráðstafað verður aðgangur að upplýsingum frá sérsamböndum og íþróttafélögum að vera betri en nú er. Það er forsenda þess að hægt sé að meta með nákvæmni skiptingu hlutdeildar karla og kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar.

Umfjöllun um íþróttir karla og kvenna í fjölmiðlum.

Könnunin náði til þriggja tímabila á árinu 1996 og miðaði að því að athuga hvort kynjaumfjöllun á íþróttasíðum dagblaða á Íslandi hefði breyst frá því að Fjölmiðlanefnd ÍSÍ gerði samsvarandi könnun árið 1990. Sú könnun náði einnig til ljósvakamiðla, en ekki var hægt að hafa þá með í þessari könnun þar sem íþróttæfni ljósvakamiðla er almennt ekki geymt og fyrirvarinn var of stuttur eða öllu heldur starfstími nefndarinnar.

Þrjú dagblöð voru skoðuð og borin saman; Morgunblaðið, DV og Tíminn. Tímabilin sem könnunin náði til voru 15. mars til 14. apríl, 1. til 31. maí og 1. til 31. ágúst.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að umfjöllun um íþróttakonur hefur aukist lítillega frá 1990. Þær fengu meiri umfjöllun í öllum blöðunum þremur á því tímabili sem um ræðir á árinu 1996 en sex árum áður. Aukningin er þó aðeins frá 1% upp í 5%.

Umfjöllun um íþróttir karla dróst hlutfallslega saman í blöðunum þremur. Hins vegar er hlutfallsleg aukning í umfjöllun um bæði kynin saman, eða um 5-6% í öllum blöðunum. Þar er yfirleitt um að ræða sameiginlega almenna umfjöllun um íþróttagreinar eins og badminton, golf, skíði, frjársar íþróttir, íþróttir fatlaðra, tennis o.fl.

Önnur breyting milli ára 1990 og 1996 felst í auknu vægi erlends íþróttæfnis á kostnað innlends. Árið 1990 var innlent íþróttæfni ráðandi á íþróttasíðum dagblaðanna. Sex árum síðar hefur erlent íþróttæfni aukist um allt að 13%. Minna vægi innlendrar umfjöllunar bitnar á umfjöllun um íþróttir kvenna því í hinni erlendu umfjöllun er knattspyrna karla og körfubolti karla nær alls ráðandi.

Niðurstöður fjölmiðlakönnunarinnar eru skýrar. Hluttur kvenna á íþróttasíðum íslenskra dagblaða er frekar rýr og ekki í samræmi við þátttöku kvenna í íþróttum almennt. Þá veldur það vonbrigðum að lítil breyting hefur orðið hér á á síðustu árum.

Tillögur að úrbótum:

Tillögurnar miða að því að ríki og sveitarfélög gefi ákveðin skilaboð til íþróttahreyfingarinnar. Þar er víða pottur brotinn hvað varðar jafnrétti kynja til þátttöku í íþróttum og er skoðun nefndarinnar sú að ákveðin fyrirmæli og skilaboð “að ofan” gagnist best á þessari stundu til þess að koma nauðsynlegu skriði á þessi mál.

1. a) Allur stuðningur, fjármagn og aðstaða, sem ríki og sveitarfélög veita til íþróttá skiptist hlutfallslega jafnt á milli karla og kvenna.
b) Þeir sem fá slíkan stuðning, fjármagn og aðstöðu sýni fram á að skiptingin sé sem jöfnust.
c) Eftirlit verði með skiptingu fjármagnsins, t.d. mætti festa ákvæði þess efnis í íþróttalögum eða í lögum ÍSÍ.

Benda má að á nokkrum Norðurlöndum er þróun í þá átt að ríkisendurskoðun viðkomandi landa fái ársreikninga íþróttahreyfingarinnar til skoðunar.

2. Komið verði á fót Jafnréttisnefnd innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnréttisnefnd leggi fyrir íþróttáþing áætlun um með hvaða hætti best verði staðið að því að ná jafnrétti innan hreyfingarinnar. Hugmyndum nefndarinnar fylgi m.a. tímasett framkvæmdaáætlun, sett verði ákvæði um stjórnsetukvóta, að sérsambönd setji jafnmikla fjármuni til karla- og kvennalandsliða og að starfsemi unglingalandsliða verði fyrir bæði kynin.

Jafnréttisnefnd skal ennfremur vera vettvangur ýmissa kærumála.

3. a) Rannsóknaverkefni er tengjast íþróttum og konum njóti forgangs tímabundið. Hvatt verði til aukinna rannsóknaverkefna með það fyrir augum að auka vísindalega þekkingu á íþróttum kvenna
b) Stofnaður verði sérstakur sjóður til að styrkja íþróttir stúlkna og kvenna, m.a. er varðar þátttöku, fræðslu og menntun.
4. Fjölmiðlarannsóknir. Gert verði sérstakt átak til að kynna niðurstöður rannsókna um umfjöllun fjölmiðla á íþróttaviðburðum tengdum konum. Kallað verði eftir stefnu fjölmiðla í þessum málum, t.d. með fundum með ritstjórum og íþróttáfréttamönnum.

5. a) Menntun sem tengist íþróttum nái til fleiri þátta en verið hefur, t.d. stjórnun og rekstur íþróttafélaga, fjármálastjórnun, forvarnir o.s.frv. Boðið verði t.d. upp á íþróttastjórnunarnám Íþróttakennaraskóla Íslands þar sem m.a. verði lögð áhersla á gildi íþróttar fyrir alla og mikilvægi þess að jöfn aðstaða til íþróttaiðkunar sé fyrir hendi.
- b) Aukin verði fræðsla á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi um gildi íþróttar þar sem áhersla verði m.a. lögð á að eyða þeim misskilningi að afreksíþróttir séu helst fyrir pílta og karlmenn. Lögð verður áhersla á að koma námsefni og kynningu á gildi íþróttar fyrir alla inn í námsskrár á sem flestum stigum, frá grunnskóla til æðsta menntunarstigs (Íþróttakennaraskóla) og festa þannig mikilvægi íþróttar og hreyfingu fyrir konur jafnt sem karla í hugum fólks.
- c) Gerð verði menntunaráætlun fyrir þjálfara þ.e. að enginn unglingaþjálfari í íþróttum verði án tilskilinnar menntunar og þar verði á engan hátt gert upp á milli íþróttar pílta og stúlkna.

Heimildaskrá

Gallup (1995). *Íþróttasamband Íslands, skoðanakönnun*. Unnin fyrir Umbótanefnd Íþróttasambands Íslands í kvennaíþróttum.

Ingibjörg Kaldalóns (1996). *Vímuefnaneysla íslenskra unglinga*. Óbirt MA-ritgerð, Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Þorlákur Karlsson og Ingibjörg Kaldalóns (1995). *Brottfall stúlkna úr íþróttum: Niðurstöður rannsóknar í 8. bekk grunnskóla*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála í samvinnu við Þróunarhóp Umbótanefndar ÍSÍ um kvennaíþróttir.

Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (1994). *Um gildi íþróttar fyrir íslensk ungmenni*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

Viðauki 1 – Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands

Formáli

Í apríl 1997 fól nefnd á vegum menntamálaráðuneytisins Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að meta hlutdeild kvennaíþrótta í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar. Þessi skýrsla er afrakstur þeirra vinnu. Ljóst er að miðað við umfang verkefnisins og þeirra gagna sem til eru var ekki hægt að gera viðfangsefninu fullnægjandi skil. Í skýrslunni er þó gerð tilraun til þess að meta hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar og einnig er gefið yfirlit um efnið. Er það von skýrsluhöfunda að skýrslan varpi ljósi á viðfangsefnið og hvaða vandmál þarf að leysa til þess að nákvæmara mat fái á skiptingu tekna íþróttahreyfingarinnar á milli karla og kvenna.

Dr. Guðmundur Magnússon prófessor hafði umsjón með verkinu en það var unnið af Ólafi Sigmundssyni hagfræðingi og Guðrúnu Ingu Ingólfssdóttur hagfræðingi.

Hagfræðistofnun í ágúst 1997,

Tryggvi Þór Herbertsson,
Forstöðurmaður.

Töflulisti

TAFLA 1. Skipting heildartekna íþróttahreyfingarinnar eftir uppruna í milljónum kr. árið 1995.....	15
TAFLA 2. Opínberir styrkir til íþróttamála í milljónum kr. árið 1995.....	16
TAFLA 3. Heildarútgjöld í þús. króna vegna kvennalandsliða í golfi, handknattleik og knattspyrnu árið 1995.....	20
TAFLA 4. Heildarútgjöld í þús. króna vegna karlalandsliða í golfi, handknattleik og knattspyrnu árið 1995.....	21
TAFLA 5. Tekjur í kr. á hvern iðkanda í íþróttagreinum þar sem konur eru í meirihluta iðkenda og íþróttagreinum þar sem karlar eru í meirihluta iðkenda árið 1995.....	21

Myndalisti

2. MYND. Heildartekjur í íþróttagreinum innan ÍSÍ árið 1995.....	18
3. MYND. Hlutfall kveniðkenda í íþróttagreinum innan ÍSÍ árið 1995.....	19
4. MYND. Heildartekjur á iðkanda í íþróttagreinum innan í ÍSÍ árið 1995.....	20
5. MYND. Mat á hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttagreina árið 1995.....	23

1. Inngangur

Umræða um fjármál íþróttahreyfingarinnar hefur aukist að undanfögnu. Eitt af því sem hefur verið ofarlega á baugi í umræðunni er hvort konur beri skertan hlut frá borði í samkeppni um fjármagnið við karla. Helsta markmiðið með gerð þessarar skýrslu er að finna hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar. Þar er um umfangsmikil verk að ræða og er einungis hægt að leggja gróft mat á hlut kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar í ekki viðameiri rannsókn en þessari.

Vandinn við að finna hlut kvenna er tvíþættur. Annars vegar þarf að hafa nákvæm gögn úr bókhaldi íþróttahreyfingarinnar um skiptingu tekna á milli kvenna- og karlaflokka. Hins vegar séu þessi gögn til er ekki tryggt að út frá þeim sé hægt að leggja rétt mat á hlut kvenna. Kostnaður á hvern iðkanda getur verið háður fjölda iðkenda í hverri íþróttagrein óháð fjölda kven- eða karliðkenda. Sé t.d. almennt hægt að lesa út úr gögnunum minni kostnað á hvern iðkanda með auknum fjölda iðkenda í íþróttagrein sem er aðallega stunduð af kvenmönnum getur litið út fyrir að minna fjármagni sé varið til kvenna en karla innan íþróttahreyfingarinnar. Einnig er líklegt að árangur kven- og karliðkenda skipti máli þegar ákvörðun er tekin um fjárveitingar til kven- og karlaflokka íþróttafélaga. Margar aðrar útskýringar geta verið fyrir því að tekjum íþróttahreyfingarinnar sé ójafnt skipt á milli kynjanna. T.d. eru sumar íþróttagreinar vinsælli en aðrar meðal almennings. Í vinsælli greinunum er því auðveldara að afla tekna en í hinum óvinsælli.

Við gerð þessarar skýrslu kom í ljós að ekki eru til gögn um skiptingu útgjalda og tekna íþróttahreyfingarinnar á milli kven- og karliðkenda. Því er reynt að bregða ljósi á hvort einhver munur sé og þá hve stór hann sé út frá þeim gögnum sem til eru. Þar er aðallega stuðst við gögn um tekjur, útgjöld og fjölda iðkenda í hverri íþróttagrein úr starfsskýrslum ÍSÍ frá árinu 1995. Einnig er nokkuð byggt á opinberum gögnum og ársskýrslum nokkurra sérsambanda.

Skýrslan er skipulögð á eftirfarandi hátt: Fyrst verður gert grein fyrir tekjum íþróttahreyfingarinnar og uppruna þeirra. Næst verður fjöldi iðkenda og tekjur í hverri íþróttagrein skoðaður. Einnig verður reynt að leggja gróft mat á hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttagreina. Þá verður hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttagreina metin tölfræðilega. Í lokin eru helstu niðurstöður skýrslunar teknar saman og rætt um matsaðferðir og heimildir.

2. Heildartekjur íþróttahreyfingarinnar og hlutur kvenna og karla

Margt bendir til þess að tekjum íþróttafélaganna sé ekki jafn skipt á milli kven- og karlíþróttar t.d. miðað við fjölda iðkenda. Þar má m.a. nefna að íþróttum karla er gefið meira rými í sjónvarpi og útvarpin íþróttum kvenna.¹ Íþróttir karla gefa því líklega af sér meiri tekjur en íþróttir kvenna og því er líklega veitt meira fjármagni til karlíþróttar en kveníþróttar. Nákvæmar upplýsingar um heildartekjur íþróttahreyfingarinnar og skiptingu þeirra á milli kven- og karlíþróttar eru ekki til. Því er erfitt að meta heildartekjurnar og hlutdeild kynjanna í þeim. Í þessum kafla skýrslunnar verður gerð tilraun til þess að meta hlutdeild kynjanna í heildartekjum og einnig verður gerð grein fyrir uppruna og dreifingu heildartekna innan íþróttahreyfingarinnar. Verður þar aðallega stuðst við starfsskýrslur ÍSÍ. Þær eru besta heimildin sem unnt er að styðjast við og verða þær notaðar ásamt gögnum frá hinu opinbera og sveitarfélögum við alla útreikninga.

2.1. Yfirlit um tekjur Íþróttahreyfingarinnar

Samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ voru heildartekjur íþróttahreyfingarinnar 3.137 milljónir kr. árið 1995. Þar af var framlag hins opinbera og styrkir frá hinu opinbera um 682 milljónir kr. Í 1. töflu er gerð nánari grein fyrir skiptingu heildartekna íþróttahreyfingarinnar.

TAFLA 1. Skipting heildartekna íþróttahreyfingarinnar eftir uppruna í milljónum kr. árið 1995.

Opinber framlög tekjur	Lottó og getraunir	Önnur framlög	Tekjur af mótum	Auglýsinga-tekjur	Húsa- og vallar-leigutekjur	Aðrar
682	248	498	324	262	361	762

Heimild: Starfsskýrslur ÍSÍ

Samkvæmt 1. töflu eru styrkir, tekjur af lottó og getraunum og opinber framlög til íþróttahreyfingarinnar 1.428 milljónir kr. sem er um 45,5% af heildartekjum íþróttahreyfingarinnar árið 1995. Íþróttahreyfingin aflar sjálf um 54,5% tekna sinna eða um 1.709 milljóna kr. Í ríkisreikningi fyrir sama ár kemur fram að framlag ríkisins til íþróttamála sé um 82 milljónir kr. Framlög frá sveitarfélögum eru því 600 milljónir kr. Erfitt er að sundurgreina framlög sveitarfélaga til íþróttamála þar sem framlög til íþróttamála eru talin með framlögum til æskulýðsmála. Í 2. töflu er gerð nánari grein fyrir opinberum styrkjum til íþróttar- og æskulýðsmála.

¹ Í skýrslu Félagsvísindastofnunar frá árinu 1991 kemur fram að hlutur kvennaíþróttar hafi mælst 8,36% af heildartíma íþróttarnefndar í ljósvakamiðlum.

TAFLA 2. Opinberir styrkir til íþróttamála í milljónum kr. árið 1995.

Sveitarsjóðsreikningur	Ríkisreikningur	Búskapur hins opinbera
Styrkir til æskulýðs og félagsmála	Æskulýðsmál Ýmis íþróttamál	31 81
		Æskulýðs-, íþrótt- og útvistarmál
	996	
	4.123	
Æskulýðsmál og félagsmiðstöðvar	564	
Íþróttamannvirki	1.609	
Sameiginlegur kostn	115	
<hr/>		
Samtals:	3.284 4.123	112

Heimild: Búskapur hins opinbera, ríkisreikningur og reikningar sveitarfélaganna.

Í 2. töflu kemur fram að heildarframlag til æskulýðs og íþróttamála var 4.123 milljónir kr. árið 1995. Þar af var framlag frá sveitarfélögum 3.284 milljónir króna og framlag hins opinbera 112 milljónir kr. Því er ekki hægt að finna hver er uppruni og hvernig 727 milljónum kr. er ráðstafað árið 1995.

Auk beinna styrkja sem íþróttahreyfingin fær frá hinu opinbera, samanber ofangreindar tölur, tíðkast óbeinir styrkir frá sveitarfélögum t.d. í formi auglýsinga í leikskrá og blöðum, ráðningar á liðsmönnum íþróttafélaganna í vinnu á vegum sveitarfélagsins, úthlutunar verkefna á vegum sveitarfélagsins til íþróttahreyfingarinnar, ókeypis húsaleigu ofl. Af þessu má sjá að það eru umtalsverðar fjárhæðir sem hið opinbera og þá sérstaklega sveitarfélögin veita til íþróttahreyfingarinnar ár hvert. Samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ voru beinir styrkir frá hinu opinbera til íþróttahreyfingarinnar um 11% af kostnaði við rekstur hennar. Heildarupphæð beinna og óbeinna styrkja frá hinu opinbera liggur hins vegar ekki fyrir. Stuðningur bæjarfélaga við íþróttahreyfinguna er stór hluti af rekstri þeirra. Sem dæmi nam stuðningur þriggja stærstu bæjarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu við íþróttafélög um 20% af rekstri þeirra árið 1995.ⁱⁱ Langstærsti hluti styrkja sveitarfélaganna við íþróttahreyfinguna fer til fjárfestingar í íþróttamannvirkjum.

Tekjur íþróttahreyfingarinnar af Lottó og getraunum vega ekki eins mikið í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar og ætla mætti, en 50% af öllum hagnaði þessara happdrætta er veitt til íþróttahreyfingarinnar. Hlutfall Lottó og getrauna í heildartekjum sérsambanda er um 8,0% af heildartekjunum.

Önnur framlög til íþróttafélaganna námu 498 milljónum kr. árið 1995. Þessi framlög eru ekki skilgreindir nánar í starfsskýrslum ÍSÍ, en þetta eru líklega styrkir frá einstaklingum og fyrirtækjum. Eins og áður hefur komið fram afla íþróttafélögin sjálf um 54,5% teknanna með starfsemi sinni. Hér er um að ræða tekjur af mótum, leigu á húsnæði og auglýsingum. Þessir tekjuliðir vega allir svipað í heildartekjum íþróttafélaganna. Aðrar tekjur eru þó nokkrar eða um fjórðungur af heildartekjum íþróttafélaganna. Erfitt er að gera nánari grein fyrir þessum tekjulið.

Þar sem mjög erfitt er að gera grein fyrir tekjum íþróttafélaganna er athyglisvert að bera saman tekjur þeirra og stóra útgjaldaliða hins opinbera eins og útgjöld til


ⁱⁱ Sjá B.A. ritgerð Gunnars Gylfasonar í stjórn málafræði árið 1995.

heilbrigðis- og menntamála. Útgjöld til menntamála námu um 17 milljörðum kr. og útgjöld til heilbrigðismála námu um 20 milljörðum kr. árið 1995 samkvæmt A-hluta ríkisreiknings. Af þessu sést að umfang íþróttahreyfingarinnar er ekki mikið samanborið við stærstu útgjaldaliði hins opinbera. En hins vegar eru tekjur íþróttafélaganna umtalsverðar og því vekur það nokkra furðu að ekki skuli vera unnt að afla nákvæmari gagna um tekjur íþróttahreyfingarinnar.

2.2 Fjöldi kven- og karliðkenda innan íþróttahreyfingarinnar og tekjur sérsambandanna


Hér að framan hefur verið gefið gróft yfirlit um tekjur íþróttahreyfingarinnar og er mest stuðst við starfsskýrslur ÍSÍ. Í starfsskýrslunum kemur fram að tekjur aðalstjórnar ÍSÍ voru um 1 milljarður kr. árið 1995. Tekjur íþróttafélaganna voru því um 2 milljarðar kr. árið 1995 samkvæmt starfsskýrslunum. Þar sem verið er að greina hlut kvenna í heildartekjum íþróttagreinanna verða einungis tekjur þeirra notaðar við frekari greiningu. Starfsskýrslunar gefa ekki tæmandi upplýsingar um hvernig tekjum íþróttafélaganna er ráðstafað. Ekki er hægt að greina í þeim hvernig fjármagnið sem íþróttafélögin hafa til ráðstöfunar skiptist á milli kven- og karliðkenda. Í þessum kafla eru fyrst skoðaðar tölur um fjölda iðkenda og tekjur í öllum íþróttagreinunum sem eru innan ÍSÍ. Síðar er út frá þeim tölum lagt gróft mat á hlutdeild kvenna og karla í heildartekjum íþróttagreinum.

Á 1. mynd er sýndur heildarfjöldi iðkenda í ýmsum íþróttagreinum.



1. Mynd. Fjöldi iðkenda í íþróttagreinum innan ÍSÍ árið 1995

Fjöldi iðkenda í íþróttagreinum innan ÍSÍ er mestur í knattspyrnu eða um 15.000 iðkendir. Síðan koma nokkrar íþróttagreinar með um 6000 iðkendir. Á 2. mynd eru sýndar heildartekjur sérsambanda ÍSÍ.




2. MYND. Heildartekjur í íþróttagreinum innan ÍSÍ árið 1995

Eins og við má búast eru tekjur hæstar í þeim greinum sem hafa mestan fjölda iðkenda. Tekjurnar eru mestar hjá *knattspyrnuhreyfingunni* eða um 630 milljónir króna. Þar næst á eftir koma *handknattleikur* 300 milljónir króna og *golfhreyfingin* með 240 milljónir króna í heildartekjur.


Þessar upplýsingar gefa til kynna hvaða íþróttagreinar hafa mestan iðkendafjölda og hvaða íþróttagreinar hafa hæstar tekjur. Fyrst í stað er því áhugavert að kanna hvaða íþróttagreinar hafa hæst hlutfall kveniðkenda og mestar tekjur á hvern iðkenda. Í beinu framhaldi af því er einnig áhugavert að bera saman á milli íþróttagreina, hlutfall kveniðkenda af heildarfjölda iðkenda og heildartekjur á hvern iðkenda. Það gefur vísbendingu um hvort konur fái hlutfallslega lægra fjármagn en karlar. Ef tekjur á hvern iðkenda eru að meðaltali lægri í þeim íþróttagreinum sem hafa minnst hlutfall kvenna gefur það vísbendingu um að minna fjármagni sé varið til íþróttar kvenna en íþróttar karla.

Á 3. mynd er sýnt hlutfall kveniðkenda af heildarfjölda iðkenda í íþróttagreinum innan ÍSÍ.



3. MYND. *Hlutfall kveniðkenda í íþróttagreinum innan ÍSí árið 1995*

Samkvæmt 3. mynd er hlutfall kveniðkenda innan ÍSí að meðaltali 36% af heildarfjölda iðkenda árið 1995. Fjöldi kveniðkenda er mestur í *fimleikum* eða um 80% af heildarfjölda. Konur eru einnig meirihluti iðkenda í *sundi, blaki og í íþróttum fyrir alla*. Í öðrum íþróttagreinum er hlutfall kvenna undir 50%. Samanburður á 2. og 3. mynd leiðir í ljós að hlutfall kvenna af heildarfjölda iðkenda er yfirleitt lágt í þeim íþróttagreinum sem hafa hæstar heildartekjur. Í þremur tekjuhæstu íþróttagreinunum eru konur á milli 20% og 35% af heildarfjölda iðkenda. Til þess að fá réttari mynd af sambandi heildartekna og hlutfalls kvenna af heildarfjölda iðkenda innan ÍSí má skoða tekjur á hvern iðkenda. Á 4. mynd eru sýndar tekjur á hvern iðkenda í íþróttagreinum innan ÍSí árið 1995.



4. MYND. Heildartekjur á iðkanda í íþróttagreinum innan í ÍSÍ árið 1995

Tekjur á hvern iðkanda eru hæstar í íþróttum fyrir alla sem er í raun ekki eiginlegt íþróttafélag og fellur því illa inn í samanburð við hinar íþróttagreinana. Að íþróttum fyrir alla undanskildum eru tekjur á hvern iðkanda mestar í handknattleik, knattspyrnu og golfi. Einnig eru tekjur á hvern iðkanda nokkuð háar í fimleikum sem hefur yfir 80% kveníðkendur. Samkvæmt þessu er erfitt að meta hlut kvenna í heildartekjum íþróttagreinanna. Þar sem konur eru færri í flestum íþróttagreinum er einnig erfitt að sjá tengsl á milli tekna og heildarfjölda iðkenda hverrar íþróttagreinar.

Vegna þess að flest sérsamböndin reka landslið getur áhersla sérsambandanna á kven- og karlalandsliðin gefið nokkra vísbendingu um áherslu íþróttafélaganna sjálfra á kven- og karlíþróttir. Áhersla íþróttafélaga á kveníþróttir, sem kemur fram í útgjöldum til kveníþróttar, hefur mjög líklega áhrif á útgjöld sérsambanda til kven- og karlalandsliða. Taka verður fram að mörg sérsambönd og íþróttafélög innan ÍSÍ sundurliða ekki tekjur og gjöld vegna karla- og kvennadeilda. Því eru þessar upplýsingar ekki til fyrir margar íþróttagreinir. Algengast er að í einstaklingsíþróttagreinum sé ekki gerður greinarmunur á tekjum eða gjöldum eftir kyni. Í 3. og 4. töflu er sýnt hversu miklu fjármagni er varið til landsliða karla og kvenna í golfi, handknattleik og knattspyrnu.

TAFLA 3. Heildarútgjöld í þús. króna vegna kvennalandsliða í golfi, handknattleik og knattspyrnu árið 1995

	Heild.útgj. v/landsl.	% af heild. útgj. v/landsl.	% af heild. útgj sérs.	% kven-iðkenda	Heildútgj. kveniðkenda
Golf	1.119	29 %	5 %	23 %	0,861
Handknattleikur	6.773	28 %	12 %	37 %	4,024
Knattspyrna	13.910	17 %	10 %	22 %	4,205

TAFLA 4. Heildarútgjöld í þús. króna vegna karlalandsliða í golfi, handknattleik og knattspyrnu árið 1995

	Heild.útgj. v/landsl.	% af heild. útgj. v/landsl.	% af heild. útgj sérs.	% karl- iðkenda	Heildútgj. karliðkenda
Golf	2.741	71 %	13 %	77 %	0,624
Handknattleikur	17.439	72 %	30 %	63 %	6,022
Knattspyrna	65.760	83 %	46 %	78 %	5,581

Í 3. og 4. töflu er gerður samanburður á útgjöldum til landsliða í einni einstaklingsíþrótt og tveimur hópíþróttum. Í *golfi*, sem er einstaklingsíþrótt er hlutfallslega meira fjármagni veitt til landsliða kvenna en karla. Heildarútgjöld á hvern kveniðkanda í *golfi* voru 861 kr. og heildarútgjöld á hvern karliðkanda voru 624 kr árið 1995. Þessu er öfugt farið í hinum tveimur íþróttagreinunum, þar sem hlutfallslega meira fjármagni er varið til karlalandsliðanna en kvennalandsliðanna. Bæði í *handknattleik* og *knattspyrnu* eru heildarútgjöld vegna karlalandsliða hlutfallslega hærri en hlutfall karliðkenda í íþróttagreinunum. Á móti eru heildarútgjöld vegna kvennalandsliða í handknattleik og knattspyrnu hlutfallslega lægri en hlutfall kveniðkenda. Konur virðast því bera skertan hlut frá borði í hópíþróttum. Þar sem sérsamböndin hafa ákveðnum skyldum að gegna gagnvart iðkendum óháð kyni, gefa þessar tölur líklega ekki alveg rétta mynd af skiptingu fjármagns á milli karl- og kveniðkenda. Því líklegt er að tekjum sérsambanda sé jafnara dreift til karl- og kveniðkenda en innan íþróttafélaganna.

Eins og komið hefur fram er erfitt að meta hlut kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar. Konur eru að meðaltali 36% af öllum iðkendum íþróttahreyfingarinnar. Sé tekjum íþróttagreinanna skipt í réttu hlutfalli við fjölda kven- og karliðkenda ætti því um 36% teknanna að vera veitt til kveniðkenda. Unnt er að bera saman tekjur á hvern iðkanda í þeim íþróttagreinum þar sem konur eru í meirihluta við tekjur á iðkanda þar sem karlar eru í meirihluta iðkenda. Sé hlutdeild íþróttagreina sem kvenmenn eru í meirihluta ekki í samræmi við meðalhlutdeild kvenna í heildarfjölda iðkenda í íþróttahreyfingunni er líklegt að konur fái ekki úthlutað fjármagni í samræmi við fjölda. Í 5. töflu er sýndar samlagðar tekjur á iðkanda fyrir þær íþróttagreinar þar sem konur eru í meirihluta og í þeim íþróttagreinum þar sem karlar eru í meirihluta.

TAFLA 5. Tekjur í kr. á hvern iðkanda í íþróttagreinum þar sem konur eru í meirihluta iðkenda og íþróttagreinum þar sem karlar eru í meirihluta iðkenda árið 1995

	Framlög og styrkir	Aðrar tekjur	Heildartekjur	Meðaltekjur á iðkanda	% af heilda. tekjum
Meirihluti konur	32.252	40.847	73.099	18.275	13%
Meiri hluti Karlar	198.869	283.043	481.912	24.096	87%

Heimild: Starfsskýrslur ÍSÍ

Samkvæmt 5. töflu eru samlagðar tekjur á hvern iðkanda mun lægri í þeim íþróttagreinum þar sem konur eru í meirihluta. Í þessum íþróttagreinum eru konur um 10% af heildarfjölda iðkenda og meðaltekjur á hvern iðkanda eru 18.275 kr. Þar sem karlar eru í meirihluta iðkenda eru meðaltekjur á hvern iðkanda 24.096 kr. Af þessu sést að þær íþróttagreinar þar sem karlar eru í meirihluta hafa meira fjármagn til ráðstöfunar

en þær íþróttagreinar þar sem konur eru í meirihluta. Samkvæmt því er meira fjármagni veitt til íþróttakarla en íþróttakvenna. Erfitt er hins vegar að meta hvort hlutfallslega meira fjármagni sé veitt til íþróttakarla. Þegar tekið er tillit til fjölda iðkenda í hverri íþróttagreini virðist þó vera veitt hlutfallslega meira fjármagni til íþróttakarla en kvenna. Til viðmiðunar er einnig hægt að bera saman heildartekjur og hlutfall kvenna í einstökum íþróttagreinum. Það má t.d. bera saman heildartekjur á hvern iðkanda í hefðbundinni karlaíþrótt eins og *knattspyrnu* við heildartekjur á hvern iðkanda í hefðbundinni kvennaíþrótt eins og *fimleikum* og sjá hvort einhver munur sé á fjárveitingum til íþróttagreina. Karlar eru tæp 80% af knattspyrnuíðkendum og konur eru rúm 80% af fimleikaiðkendum. Samkvæmt 4. mynd eru tekjur á hvern iðkanda 32.000 til 41.000 kr. í hvorri íþróttagreini. Það gefur enga vísbendingu um hvort tekjum sé misskipt á milli kvenna- og karlaíþróttar. Nærtækara er að bera saman samkynja íþróttir eins og t.d. tvær hópíþróttir. Hlutfall kvenna sem stundar blak er 54% en hlutfall kvenna sem stundar knattspyrnu er 22% af heildarfjölda iðkenda í hvorri íþróttagreini. En tekjur á hvern iðkanda eru mun lægri í blaki en í knattspyrnu eða 11.237 kr. á hvern iðkanda í blaki og 41.751 kr. á hvern iðkanda í knattspyrnu.

Samkvæmt 3. til 5. töflu er hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar talsvert undir hlutfalli kveniðkenda af heildarfjölda. Konur virðast því fá úthlutað minna fjármagni til íþróttakarla en karlar. Þar sem töluleg gögn eru óflullkomin þarf að túlka þessar niðurstöður varlega. Þær íþróttagreinar sem konur eru í meirihluta hafa hlutfallslega færri iðkendur en margar greinar þar sem karlar eru í meirihluta iðkenda. Því getur kostnaður á hvern iðkanda aukist með auknum fjölda iðkenda í hverri íþróttagreini óháð fjölda kven- eða karliðkenda, þ.e. til staðar getur verið minnkandi stærðarhagkvæmi. Þetta getur komið til þar sem stærri íþróttagreinar hafa fleirri einstaklinga í afreks- og eldriflokkum og líklega er dýrara að reka þá en yngri flokkana. Íþróttagreinar geta einnig verið misfrekar á fjármagn. Einnig er líklegt að árangur skipti máli og ef konur eru stór hluti iðkenda vegur árangur þeirra meira þegar ákvörðun er tekin um fjárveitingar sbr. heildartekjur á hvern iðkanda í fimleikum. Því er ekki algilt að tekjum íþróttahreyfingarinnar sé veitt í samræmi við hlutfallslega skiptingu kven- og karliðkenda.

Með því að skoða skiptingu tekna á milli íþróttagreina þar sem karlar eru í meirihluta og þar sem konur eru í meirihluta iðkenda er unnt að fá gróft mat á því hvort tekjunum sé misjafnlega skipt á milli karl- og kveniðkenda. Það virðist því vera að hver kveniðkandi fái töluvert minna fjármagn en hver karliðkandi. Það er hins vegar erfitt að segja til um hver munurinn er á fjárveitingum til karl- og kveniðkenda. Þar sem íþróttagreinar með meirihluta kveniðkendur hafa hlutfallslega færri iðkendur en aðrar íþróttagreinar. Í næsta undirkafla verður gerð tilraun til þess að meta hlut kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar.

2.3 Mat á hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar.

Þar sem ekki var unnt að afla fullnægjandi gagna er ekki hægt að leggja nákvæmt mat á hlut kvenna í heildartekjum íþróttafélaganna. Aftur á móti er hægt að leggja óbeint mat á hlut kvenna í heildartekjum íþróttafélaganna með þeim gögnum sem lýst hefur hér að framan. Aðferðafræði þessa hluta skýrslunnar byggir á því að meta samband milli tekna íþróttagreina og hlutfalls kvenna af heildarfjölda iðkenda.

Mat á sambandi milli hlutfalls kvenna í hverri íþróttagreini og heildartekna í hverri íþróttagreini getur gefið meiri upplýsingar um hlut kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar en myndirnar í kafla 2.2. Ef hlutfall kvenna er lágt í ákveðinni íþróttagreini má ætla að miðað við niðurstöður úr kafla 2.2 séu tekjur á hvern iðkanda


hlutfallslega hærri í þeirri íþróttagrein en í þeim íþróttargreinum þar sem hlutfall kvenna af heildariðkendum er hátt. Sé það raunin þá er hlutur kvenna minni í heildartekjum íþróttafélaganna en hlutur karlanna.

Þetta þýðir að sé hlutfall kvenna af heildarfjölda iðkenda lágt er hlutfall tekna á hvern iðkenda hátt. Getur það bent til þess að minna fjármagni sé varið til kveníþróttá en karlíþróttá. Þessu sambandi má lýsa með eftirfarandi jöfnu:

$$y_i = AX_i^b$$

Þar sem y_i stendur fyrir tekjur á hvern iðkanda í íþróttagrein i og X_i stendur fyrir hlutfall kvenna af heildarfjölda iðkenda í íþróttagrein i .

Ef þetta er skrifað í log má fá jöfnu sem nota má til þess að meta ofangreint samband og leysa fyrir heildartekjur kveníþróttá. Á þennan hátt er unnt að reikna hlut kvenna í heildartekjum íþróttafélaganna. Stíkin b mælir þá hlut kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar. Á 5. mynd er sýnt samband heildartekna og metinna heildartekna á hvern iðkanda í hverri íþróttagrein og hlutfalls kvenna af heildarfjölda iðkenda í hverri íþróttagrein.



5. MYND. Mat á hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttageirna árið 1995ⁱⁱⁱ

Samkvæmt 5. mynd er unnt er að lesa neikvætt samband á milli ofangreindra stærða. Tölfræðilegt mat á sambandi stærðanna gefur til kynna að fyrir 1% herra hlutfall kvenna í einhverri íþróttagrein eru tekjurnar um -0,15% minni á hvern iðkanda. Það bendir því enn fremur til þess að með hlutfallslegri aukningu kveníðkenda í hverri íþróttagrein séu tekjur greinarinnar lægri á hvern iðkanda.

Myndina er unnt að nota til þess að fá gróft mat á hlut kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar. Ef miðað er við meðaltekjur er hægt að reikna út hlutfall kvenna


ⁱⁱⁱ Tölfræðilegir eiginleikar metilsins.

	Staðalfrávik	t - gildi	p - gildi
A	0,23	39,49	0,00
b	0,12	-1,18	0,23

af heildarfjölda iðkenda. Samkvæmt 5. mynd eru meðaltekjur í íþróttagrein 23.125 kr. á hvern iðkanda. Miðað við þá upphæð og metnu línuna á 5. mynd eru konur 4% af feildarfjölda iðkenda. Hlutfall kvenna af heildarfjölda iðkenda er hins vegar 36% og miðað við það hlutfall og metnu línuna á 5. mynd eru tekjur íþróttagreinar 14.549 kr. á hvern iðkanda. Eins og sést á 5. mynd er því 8.576 kr. mismunur á þeim tekjum sem konur hefðu ef hlutdeild kvenna í meðaltekjun væri jöfn hlutfalli kvenna af heildarfjölda iðkenda.

Túlka verður þessa niðurstöðu mjög varlega. Aðferðafræði og gögn eru ekki nákvæm því ekki er unnt að taka tillit til allra stærða sem kynnu að hafa áhrif á skiptingu tekna innan íþróttahreyfingarinnar. Tölfræðilega eru niðurstöðunar einnig veikar. Samt sem áður gefur þetta ásamt niðurstöðum kafla 2.2 til kynna að hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar er líklega mun minni en ef hlutdeild þeirra í heildartekjum væri í réttu hlutfalli við fjölda kvenniðkenda.

Til samanburðar við 5. mynd er á 6. mynd sýnt samband heildartekna og hlufalls karliðkenda af heildarfjölda iðkenda.



6. Mynd. *Mat á hlutdeild karla í heildartekjum íþróttagreina árið 1995^{iv}*
 Samkvæmt 6. mynd hækka tekjur að meðaltali í íþróttagrein eftir því sem hlutfall karla er hærra af heildarfjölda iðkenda. Tölfræðilegt mat á sambandi stærðanna gefur til kynna að fyrir 1% hærra hlutfall karla í einhverri íþróttagrein eru tekjurnar um 0,52% meiri á hvern iðkanda. Það bendir því enn fremur til þess að með hlutfallslegri aukningu karliðkenda í hverri íþróttagrein séu tekjur greinarinnar hærri á hvern iðkanda.

Við ofangreinda útreikninga er aðeins notaður þverskurður af heildartekjum hvernar íþróttagreinar yfir eitt ár. Því er vafasamt að draga sterkar ályktanir af útreikningunum um hlut kvenna og karla í heildartekjum. Frekari gagna er þörf. Þar sem íþróttagreinar eru ólíkar er erfitt að greina af 3. til 6. mynd hver séu tengslin á milli hlutfallslegs fjölda kvenna og karla í íþróttagrein og tekna íþróttagreinarinnar. Mjög

^{iv} Tölfræðilegir eiginleikar metilsins.

	Staðalfrávik	t - gildi	p - gildi
A	0,32	27,54	0,00
b	0,37	1,41	0,15

erfitt er því að meta nákvæmlega hver hlutur kvenna sé í heildartekjum íþróttafélaganna. Líklega fæst ekki nákvæmt mat á því þar sem ekki eru fyrirleggjandi nákvæm gögn sem unnt er að styðjast við. Þangað til verður notast við aðferðafræði sem hér er kynnt. Ef gera á nákvæma grein fyrir skiptingu fjármagns á milli karla og kvenna innan íþróttahreyfingarinnar í framtíðinni er nauðsynlegt að íþróttafélögin sundurliði útgjöld m.t.t. kven- og karlaflokka.

3. Helstu niðurstöður og lokaorð

Þar sem töluleg gögn íþróttahreyfingarinnar eru ófullkomin er nær útilokað að leggja mat á hlutdeild karla og kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar með nákvæmni. Einungis eru fyrirliggjandi gögn um tekjur, útgjöld og fjölda kven- og karlkynsiðkenda í hverju sérsambandi ásamt gögnum úr ársreikningum sérsambanda og opinberum tölum um styrki ríkis og sveitafélaga til íþróttahreyfingarinnar. Vegna gagnaskorts er því erfitt að leggja beint mat á hver sé raunveruleg hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar.

Í þessari skýrslu koma fram vísbendingar um að konur beri líklega skertan hlut frá borði miðað við karla. Helstu niðurstöður skýrslunar eru eftirfarandi:

- Heildartekjur íþróttahreyfingarinnar voru 3.078 milljónir kr. árið 1995 samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ.
- Litlar upplýsingar virðast vera til um það hvernig tekjum íþróttahreyfingarinnar er ráðstafað.
- Samkvæmt 3. og 4. töflu er meira fjármagni á iðkanda veitt til landsliða karla en landsliða kvenna í handknattleik og knattspyrnu.
- Kveniðkendur voru um 36% af heildarfjölda iðkenda árið 1995. Samkvæmt 5. töflu eru meðaltekjur íþróttagreina þar sem karlar eru í meirihluta hærra en meðaltekjur í þeim íþróttagreinum þar sem konur eru í meirihluta. Það bendir til þess að hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttagreina sé talsvert minni en karla.
- Samkvæmt tölfræðilegu mati í kafla 2.3 minnka tekjur íþróttagreinar um 0,15% fyrir 1% hærra hlutfall kvenna í íþróttagreini.
- Tölfræðilegt mat í kafla 2.3 gefur til kynna að hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar sé minna en hlutdeild karla. Ekki er hægt að leggja mat á hver hlutdeild kvenna er í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar þar sem gögn eru ekki nógu góð. En tölfræðilegt mat bendir til þess að hlutdeild kvenna í heildartekjum íþróttagreina sé töluvert minna en hlutfall karla af heildarfjölda iðkenda

Til þess að hægt sé að gera grein fyrir því hvernig tekjum íþróttahreyfingarinnar er ráðstafað verður að safna betri upplýsingum frá sérsamböndum og íþróttafélögum. Meðal annars gerir það kleift að meta hlutdeild kvenna og karla í heildartekjum íþróttahreyfingarinnar. Einnig er mikilvægt út frá hagkvæmis- og upplýsingarsjónarmiði að hafa miklar og nákvæmar upplýsingar um hvernig tekjum íþróttahreyfingarinnar er ráðstafað.

4. Helstu heimildir

Ársreikningar Knattspyrnusambandsins, Handknattleikssambandsins og Gólfambandsins fyrir árið 1995.

B.A. ritgerð Gunnars Gylfasonar í stjórn málafræði, *Stuðningur og samskipti bæjarfélaga við íþróttahreyfinguna*, HÍ árið 1995

Búskapur hins opinbera fyrir árið 1995

Félagsvísingastofnun, *Íþróttæfni í fjölmiðlum*, HÍ árið 1995

Ríkisreikningur fyrir árið 1995

Reikningar sveitafélaganna fyrir árið 1995

Starfsskýrslur ÍSÍ fyrir árið 1995

Einnig var stuðst við ýmsar aðrar heimildir í skýrslunni án beinna tilvísuna.